

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um húsnæði fyrir hælisleitendur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg hús, íbúðir eða aðrar íbúðareiningar eru nú nýttar til að hýsa hælisleitendur og hvor er áætlaður árlegur kostnaður við það húsnæði?

Vinnumálastofnun fer með þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í dag er Vinnumálastofnun með 23 búsetuúrræði sem hafa gistipláss fyrir 1.549 einstaklinga. Þau eru staðsett í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbær, Hvalfirði, Laugarvatni og á Akureyri. Öll úrræðin fyrir utan eitt geta hýst á bilinu 30–220 einstaklinga en Vinnumálastofnun leigir eitt hús sem skiptist í þrjár íbúðir á Akureyri og þar geta verið milli 12–20 einstaklingar.

Vinnumálastofnun er einnig með þjónustusamning við fjögur sveitarfélög um að hýsa 440 umsækjendur. Sveitarfélögin eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Borgarbyggð. Vinnumálastofnun er kunnugt um að samsetning á húsnæði hjá þeim er mjög misjöfn og er bæði verið að leigja herbergi og íbúðir fyrir þessa umsækjendur.

Kostnaður við framangreind húsnæðisúrræða fyrir árið 2023 var 4.946.790.446 kr.

Áætlaður kostnaður fyrir árið 2024 er 4.679.856.536 kr.

Rekstrarkostnaður Úrræða	2023	2024
Húsaleiga	2.000.444.502	1.819.723.133
Endurvinnsla	125.896	87.799
Hreinlætis og ræstingarvörur	13.586.843	10.324.447
Sorprehinsun	28.255.999	29.427.358
Önnur vörukaup	3.511.482	4.801.244
Ræsting	236.654.317	244.011.196
Rafmagn	16.438.151	25.803.782
Heitt vatn	17.260.302	28.251.742
Verkkaup og byggingavörur	116.379.761	121.738.043
Fasteignagjöld	230.239	146.055
Öryggisgærsla	2.513.902.954	2.395.541.735
Samtals	4.946.790.446	4.679.856.536